

Mál nr. 192/2016

**M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
sama félag v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

Árekstur á bifreiðastæði við verslun BYKO að Fiskislóð í Reykjavík þann 4.6.2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 21.6.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum M.

Bréf V, dags. 11.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið í merktan stöðureit á bifreiðastæði við verslun BYKO að Fiskislóð í Reykjavík. Rakst þá hægra framhorn A í vinstri framhurð B sem hafði verið lagt í stöðureit hægra megin við þann stöðureit sem A var ekið í.

M er eigandi B og ók henni þegar árekstur varð. Hún kvaðst hafa lagt B í stöðureitinn, drepíð á vélinni og tekið af sér öryggisbeltið. Að svo búnu hafi hún opnað bílstjórakurðina varfærnislega en þá hafi A verið ekið á hurðina og hafi hún verið „hrifsuð“ úr höndum hennar. Taldi M að A hafi verið ekið of nálægt B og til þess mætti rekja áreksturinn.

Ökumaður A kvaðst hafa verið að leggja bifreið sinni í stöðureitinn. Hann mótmælir lýsingu M á málavöxtum.

Álit.

Af fyrirbyggjandi ljósmyndum af vettvangi verður ekki annað ráðið en A hafi verið ekið með eðlilegum hætti inn í þann stöðureit sem ökumaðurinn hugðist leggja bifreið sinni í. Þá hefur vinstri framhurð B verið komin yfir þá línu sem aðgreinir annars vegar stöðureitinn sem A var ekið í og hins vegar stöðureitinn sem B hafði verið lagt í. Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal opna dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við þegar farið er í eða úr ökutæki. Þessa gætti M ekki er hún opnaði dyr bifreiðar sinnar. Hún telst því eiga sök á árekstrinum. Staðhæfingar M um að A hafi verið ekið of þröngt inn í stöðureitinn eða of nálægt B eiga sér ekki stoð í gögnum málsins, þ. á m. ljósmyndum. Er ósannað að áreksturinn verði rakinn til aksturslags ökumanns A eða óvarkárni hans að öðru leyti. Er því ekki efni til að fella sök á hann. Ökumaður B ber því alla sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 19. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.